



## Útvarpserindi frá fundi í Atlantshafsráðinu í Brussel, flutt 22. desember 1950

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Ræður – Útvarp – Útvarpserindi – Brussel – Atlantshafsráðið –  
Varnarmál – 22 desember 1950

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fútt í útvarg 22/12/50 - Birt í Mbl. 28/12/50.

Þess hefur verið óskað af hálfu útvarps-  
ins, að ég segði nokkuð frá fundi þeim í Atlants-  
hafsráðinu, er haldinn var í Brüssel dagana 18. og  
19. desember, en ríkisstjórninni þótti sjálfsgagt,  
að ég sækti fund þennan, þar sem engin eiga meira  
undir því en við Íslendingar, sem með öllu erum  
varnarlausir, hvernig tekst til um varnarsamtök  
hinna frjálsu þjóða.

Fundur þessi var í beinu framhaldi af  
ráðsfundinum í september s.l., er ég á sínum tíma  
sagði frá í útvarpinu. Gat ég þess þá, hvílík  
breyting hefði komið á hugi manna frá því, er áður  
var, vegna árásarinnar á Koreu. Nú hafði ástandið  
þó enn versnað og setti það vitanlega svip sinn á  
fundinn.

Á Brüsselfundinum voru gerðar ýmsar endan-  
legar ráðstafanir, varðandi stofnun sameiginlegs  
hers í Evrópu, og er til þess ætlast, að þau þátt-  
tökuríki, sem til þess hafa getu, leggi til liðstyrk  
í hann. En vitanlega <sup>er eðtí um að ráða framleg af hálfru ósk</sup> ~~þó~~ við Íslendinga. Þarveitti  
við sögu, þar sem við getum ekki einu sinni verið  
sjálfa okkur hvað þá heldur aðra.

Þá var þess einhuga óskað, að forseti  
Bandaríkjanna gæfi kost á því, að Dwight D. Eisenhower  
yrði skipaður yfirhershöfðingi þessa liðs. Að  
fengnu samþykki hans var Eisenhower síðan skipaður  
í starfann.

Gert er ráð fyrir, að hann taki við störfum  
snemma á næsta ári. Ætlunin er, að hann æfi þær  
liðssveitir einstakra þjóða, sem honum verður fengin  
og geri úr sveitum þessum öflugan sameiginlegan  
varnarher.

Honum til aðstoðar verður herrað, skipað  
herforingjum frá þeim þjóðum, sem leggja hernum til lið.

Liði þessu er ætlaður staður í Vestur-  
Evrópu og þá einkum Þýskalandi.

Leyndi sér ekki, að meginlandspjóðirnar allar og Bretar lögðu mikla áherzlu á, að aðgerðum í þessum efnum yrði hraðað.

Þá fögnuðu fulltrúar þeirra og mjög skipun Eisenhower til starfans. Hann hafði í síðustu heimsstyrjöld verið yfirhershöfðingi þess liðs, sem frelsað hafði flestar þeirra og þá getið sér þann orðstír, að safn hans vekur nú traust og öryggi.

En fyrirkomulagsákvæðanir og skipun yfirhershöfðingja, þótt góður sé, er auðvitað ekki nóg. Liðstyrknum sjálfum þarf hið fyrsta að koma upp og eru þegar gerðar ráðstafanir til þess, að ýmsar þátttökupjóðirnar leggi þar verulega að mörkum.

Þá er ætlunin að gera starfshætti samtakanna einfaldari, en þeir eru nú og saka afkastagetu og aðra varnarmöguleika þjóðanna eftir föngum.

Á fundinum náðist fullt samkomulag um með hverjum hætti Þjóðverjum skyldi gefinn kostur á þátttöku í vörnum Evrópu. Á septemberfundinum var talsverður ágreiningur um þetta atriði, en síðan hefur öfluglega verið unnið að því að finna lausn, er allir gatu sætt sig við, og hefur hún nú fundist.

Sjálfsgagt er því ekki að leyna að veranandi horfur í alþjóðamálum eiga verulegan þátt í, að þeir, sem áður voru andvígastir allri beinni þátttöku Þýskalands í vörnum Evrópu, svo sem Frakkar, hafa nú fallist á þær tillögur, sem þeir áður töldu óhugsandi. Hin mikla árásarhætta, sem vofir yfir öllum frið- og frelsisunnandi lýðræðisþjóðum, hlýtur að þoka þeim saman í öllum efnum og eyða ágreiningi, er áður átti sér stað.

Hitt er eftir, að semja við Þjóðverja um hvernig þátttöku þeirra skuli komið fyrir. Hernámaveldunum þremur, Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum, var falið að taka það mál upp við Þýzku

stjórnina í Bonn. Er ekki að efa, að þeir samningar verði að ýmsu leyti örðugir. En þó telja hinir kunnugustu menn, að lausen muni finnaast á þeim vanda. Enda þekkja Þjóðverjar betur en flestir aðrir hvílíkt böll einræði og kúgun hefur í för með sér, og vilja vitanlega ekki leiða slíka ógæfu yfir alla Þjóðina á ný, þótt nokkur hluti hennar verði enn að sæta þessu hlutskipti, að vísu í nokkuð annari mynd en áður var.

Auðvitað munu Þjóðverjar reyna að skapa sér sem mest jafnrétti varðandi þátttöku í liði þessu og einnig gera það að algjöru skilyrði, að Bandaríkin hafi sem mest lið staðsett í sjálfu Þýzkalandi til að auka á öryggi varnanna.

Hefði það vissulega einhverntíman þótt ótrúlegt, að Frakkar leituðu til Þjóðverja um, að þeir tæki upp vopnabúnað á ný, og Þjóðverjar krefðust liðs frá Bandaríkjunum til öryggis landi sínu. Þetta er engu að síður staðreynd og sýnir hvílík ógn mönnum þykir nú voða yfir heimsfriðnum.

Eðlilegt er að ýmsir spyrji, hvort menn telji þá <sup>líklegt</sup> ~~yrirvofandi~~ nýtt heimsstríð fljótlega eða áður en langt um líður?

Svarið við þeirri spurningu geta hinar frjálsu lýðræðisþjóðir eða forustumenn þeirra ekki gefið.

Lýðræðisþjóðirnar hyggja ekki á árás. Árás af þeirra hálfu kemur aldrei til greina. Aðgerðir þeirra eru einungis gerðar í varúðar- og varnarskyni.

Það eru aðrir, sem hafa gert sig bera að árásum. Atburðir síðustu vikna hafa sýnt, að afl árásarmannanna og árásarvilji þeirra er jafnvel ennþá meiri en menn höfðu gert ráð fyrir.

Ef til vill hafa þeir, er að baki árásum stóðu, atlazt til, að afl það og einbeittni, er þeir sýndu, lömuðu hinar frið- og frelsiselskandi lýðræðisþjóðir.

Árangurinn er allur annar.

Hvarvetna gera menn sér nú grein fyrir, að eina ráðið til að koma í veg fyrir árás er það, að efla samtökin til varnar friðinum, að hver þjóð, stór eða smá, leggi það, sem hún megnar, af mörkum friðinum til varðveislu.

Þessi sannleikur á ekki síður við um Íslendinga en aðra. Sá, sem nú reynir að telja þjóðinni trú um, að hættan sé ekki til, hann gerist einmitt sjálfur beinn flugumaður árásarafllanna.

Aðstaða Íslendinga er að ýmsu leyti sérstæð og á því er fullur skilningur meðal allra hinna Atlantshafsþjóðanna, <sup>en</sup> hættan vofir jafnt yfir okkur, sem öðrum þeim, er frelsinu unna. Fram hjá þeirri staðreynd komumst við ekki og við það verðum við að miða gerðir okkar.

Nú fer í hönd hátíð friðarins. Mennirnir þurfa á engu meira að halda en að <sup>þeir</sup> sé hugsjón <sup>in</sup> mannkærleika og friðar, sem við hana eru tengdar, gagntaki hugi þeirra. ] En á meðan ofbeldismenn og árásar eru til þurfa hinar friðsömu samtök sér til verndar. ^

Það er lífsnauðsyn fyrir alla, jafnt stóra og smáa, sterka sem veika, en fyrir engan þó fremur en þann, sem er lítill og vanmáttugur sér til varnar ~~þá~~ ann þó frelsi sínu og sjálfstæði umfram öllu öðru. Þess vegna er Íslendingum það lífsnauðsyn, að Atlantshafsbandalagið eflist svo, að hættan á ófriði og árás hverfi.